

Ed.

373. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

1. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal vikja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal vikja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti.

2. Við 32. gr. Síðasti málsliður fyrri málgr. gr. falli burt.

3. Við 39. gr. Síðari málgr. gr. orðist svo:

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna landslistana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu þannig, að greindur er bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í stafrófsröð. Þess skal getið sérstaklega, ef frambjóðandi hefir afsalað sér rétti til landslistasætis, sbr. 30. gr. Jafnframt skal þess getið, hvort stjórn málaflökkur hefir notað heimild 4. málgr. 30. gr., og skráin birt.

4. Við 40. gr. Í stað orðanna í síðari málgr. „í réttri röð“ komi: í stafrófsröð.

5. Við 122. gr. 1. tölul. greinarinnar orðist svo:

Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru.